

Fyrirtækjaskrá  
Laugavegi 166  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15. mars 2007

**Efni: Tilkygning um samþykki skiptinga.**


Það tilkynnist hér með að á hluthafafundi Símans hf., kt. 500269-6779, þann 15. mars 2007, var samþykkt skipting félagsins m.v. 31. október 2006 í Símann hf. og Skipti hf. Fullnægt var öllum skilyrðum 124. gr. hlutafélagalaga um fyrirliggjandi gögn mánuði fyrir hluthafafundinn. Lækkaði hlutfé félagsins í kr. 10.088.079.720 vegna fyrri skiptingar.

Á sama fundi var einnig samþykkt önnur skipting félagsins m.v. 1. nóvember 2006, í Símann hf., Fasteignafélagið Jörfi ehf. og Míla ehf. Fullnægt var öllum skilyrðum 124. g. Hlutafélagalaga um fyrirliggjandi gögn mánuði fyrir hluthafafundinn.

Um leið var samþykktar breytingar á samþykktum félagsins um lækkun á hlutfé félagsins vegna ofangreindra skiptinga. Lækkar hlutfé félagsins í kr. 7.088.079.720 vegna skiptinganna.

Hjálagt með tilkygningu þessari fylgja nýjar samþykktir félagsins með ofangreindri breytingu ásamt fundargerð hluthafafundar.

Virðingarfyllst,  
f.h. Símans hf.



---

Kristín Guðmundsdóttir

## Aðalfundur Símans hf. 2007

### FUNDARGERÐ

**Dags: 15. mars 2007 kl. 17.**

**Staður: Nordica hotel, Reykjavík.**

#### **Dagskrá fundarins:**

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu ári.
2. Skýrsla forstjóra um rekstur félagsins og endurskoðaður reikningur fyrir liðið starfsár lagður fram til samþykktar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs.
4. Kosning stjórnar félagsins.
5. Kosning löggilts endurskoðanda.
6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna félagsins fyrir störf þeirra.
7. Ákvörðun um skiptingu Símans hf.
  - i. Skipting A. Tillaga stjórnar Símans hf. um að félaginu verði skipt í samræmi við fyrri skiptingaráætlun, dags. 19. desember 2006, sbr. 133 gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995. Í skiptingunni felst að tilteknir eignarhlutar í Símanum hf. og dótturfélögum Símans hf. renna inn í sérstakt hlutafélag, sem verður móðurfélag samstæðunnar, sbr. nánari skýringar í skiptingaráætluninni. Samþykktir Símans hf. og hins nýja móðurfélags liggja fyrir.
  - ii. Skipting B. Tillaga stjórnar Símans hf. um að félaginu verði skipt í samræmi við seinni skiptingaráætlun, dags. 19. desember 2006, sbr. 133 gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995. Við skiptinguna færast fasteignir félagsins ásamt tilteknum skuldum yfir í sérstakt einkahlutafélag. Þá færast fjarskiptanet félagsins, viðskiptavild því tengd ásamt tilteknum skuldum inn í sérstakt einkahlutafélag, sbr. nánari skýringar í skiptingaráætlun. Samþykktir Símans hf. og viðtökufélaga liggja fyrir.
8. Tillaga félagsstjórnar um að móðurfélag samstæðunnar verði skráð í kauphöll fyrir árslok 2007.
9. Tillaga félagsstjórnar um starfskjarastefnu.
10. Önnur mál löglega fram borin.

Lýður Guðmundsson, formaður stjórnar setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Tillaga hans um Sigurbjörn Magnússon, hrl. sem fundarstjóra var samþykkt og fól hann Sigurbirni stjórn fundarins. Sigurbjörn þakkaði traustið og bar upp tillögu um að Kristín Guðmundsdóttir yrði kjörin fundarritari, sem var samþykkt.

Fundarstjóri fór yfir boðun fundarins og úrskurðaði í kjölfarið fundinn löglegan.

Fundarstjóri upplýsti að á fundinn væru mættir 86 hluthafar, sem fara með 83,8% hlutafjár. Gengið var til dagskrár.

#### **1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu ári**

Formaður stjórnar, Lýður Guðmundsson, gerði grein fyrir starfi stjórnar á liðnu ári. Hann sagði að aðskilnaður Fjarskiptanets Símans væri liður í þeirri stefnu félagsins að þjappa sér betur utanum þjónustuhlutverkið og að setja Netið í sérstakt félag fæli í sér margvísleg tækifæri. Jafnframt sagði hann að stærsta verkefni sem Síminn myndi ráðast í á komandi misserum væri þróun þriðju kynslóðar farsímakerfisins, kerfis sem býður upp á stóraukinn gagnaflutningshraða og spennandi nýjungar fyrir farsímanotendur.

## **2. Ársreikningur 2006**

Forstjóri Símans hf., Brynjólfur Bjarnason, gerði grein fyrir reikningum félagsins. Fram kom að tap var á rekstri félagsins að fjárhæð kr. 3.559.726 þúsund. Fram kom í skýrslu stjórnar með ársreikningnum að stjórn félagsins legði til að ekki yrði greiddur arður á árinu 2007 vegna ársins 2006.

Fundarmenn samþykktu ársreikning félagsins samhljóða.

## **3. Ákvörðun um greiðslu arðs**

*"Stjórn félagsins gerir að tillögu sinni að aðalfundur haldinn 15. mars 2007 samþykki að ekki verði greiddur arður til hluthafa. Tap félagsins að fjárhæð kr. 3.559.726 þúsund verði fært til lækkunar á eigin fé félagsins"*

Tillagan var samþykkt samhljóða.

## **4. Kosning stjórnar**

Fundarstjóri kynnti þau framboð sem borist höfðu til stjórnar félagsins með skriflegum hætti 5 dögum fyrir fundinn, sbr. 63. a í hlutafélagalögum, en þau voru eftirfarandi:

Erlendur Magnússon  
Lýður Guðmundsson  
Panikos Katsouris  
Rannveig Rist  
Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson

Þar sem fleiri gáfu ekki kost á sér til setu í stjórn Símans hf., voru ofangreindir aðilar sjálfkjörnir og þar með réttkjörn til setu í stjórn Símans hf. fyrir næsta kjörtímabil.

## **5. Kosning löggilts endurskoðanda**

"Lagt er til að Deloitte hf., Stórhöfða 23, Reykjavík, verði endurkjörð endurskoðunarfélag Símans hf. fyrir árið 2007."

Tillagan var samþykkt samhljóða.

## **6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna**

"Lagt er til að aðalfundur Símans hf. haldinn 15. mars 2007 samþykki að stjórnarlaun vegna ársins 2007 verði sem hér segir: Stjórnarformaður kr. 500.000. á mánuði en aðrir stjórnarmenn kr. 250.000. á mánuði.

Verði fyrri skipting Símans hf. samþykkt skv. lið 7 á dagskrá skulu greiðslur fyrir stjórnarsetu í Símanum falla niður og gilda þess í stað um stjórnasetu hjá Skipti hf."

Tillagan var samþykkt samhljóða.

## **7. Ákvörðun um skiptingu Símans hf.**

Fyrir fundinum lá skiptingaráætlun A og B.

### **i. Skipting A.**

Fyrir lá tillaga stjórnar um skiptingu félagsins m.v. 31. október 2006 í tvö félög, annars vegar Símann hf. og hins vegar Skipti hf. sem yrði nýtt móðurfélag Símans hf.:

“Stjórn Símans hf. gerir það að tillögu sinni að félaginu verði skipt í samræmi við fyrri skiptingaráætlun, dags. 19. desember 2006, sbr. 133. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995. Í skiptingunni felst að tilteknir eignarhlutar í Símanum hf. og dótturfélögum Símans hf. renna inn í sérstakt hlutafélag, sem verður móðurfélag samstæðunnar, sbr. nánar skýringar í skiptingaráætlun. Samþykktir Símans hf. og hins nýja móðurfélags liggja fyrir.

Fyrirhuguð skipting félagsins er miðuð við 31. október 2006. Í skiptingunni renna tilteknir eignarhlutar félagsins í dótturfélögum og öðrum félögum, alls 23 eignarhlutir, inn í Skipti hf. Einnig renna inn í Skipti hf. hluti þeirra hlutabréfa í Símanum hf. sem hluthafar í Símanum hf. láta af hendi við skiptinguna, sbr. 2. gr. skiptingaráætlunar, eða að nafnverði kr. 10.058.675.734. Jafnframt renna kröfur og skuldir tengdum eignarhlutunum, með áföllnum vöxtum, inn í Skipti hf. ásamt skuldabréfi Símans hf. sem skráð er í Kauphöll Íslands. Við skiptinguna fá hluthafar í Símanum hf. eingöngu hluti að nafnverði kr. 7.000.000.000 eða allt hlutafé í Skipti hf. í skiptum fyrir hlutabréf sín að nafnverði kr. 30.400.398.440 í Símanum hf.

Verði skiptingin samþykkt verður til nýtt móðurfélag Símans hf. í eigu núverandi hluthafa Símans hf. í sömu eignarhlutföllum og þeir áttu áður í Símanum hf. Síminn hf. verður þá í meirihlutaeigu Skipta hf. sem verður hið nýja móðurfélag.

Samþykktir Símans hf., óbreyttar fyrir utan breytinga á hlutafé, munu gilda um Símann hf. verði tillagan samþykkt. Samþykktir Skipta hf. liggja fyrir og munu gilda óbreyttar verði tillagan samþykkt.

Um tillöguna vísast að öðru leyti í skiptingaráætlun, dags. 19. desember 2006.”

Fyrirliggjandi voru þessi gögn:

1. Áætlun um skiptingu Símans hf. dags. 19. desember 2006
2. Ársreikningur Símans síðustu þrjú ár
3. Greinargerð stjórnar Símans hf., þar á meðal skiptingar efnahags- og rekstrarreikningur og upphafsreikningur, sbr. 2. mgr. 121. gr. hlutafélagalaga
4. Skýrsla matmanna og yfirlýsing skv. 122. gr. hlutafélagalaga
5. Samþykktir Skipta hf.

Við viðtöku hinna skiptu hluta verður breyting á samþykktum félagsins vegna lækkunar á hlutafé félagsins. Lækkar hlutafé félagsins í kr. 10.588.079.720 vegna viðtöku hins skipta hluta.

## ii. Skipting B.

Fyrir lá tillaga stjórnar um skiptingu félagsins m.v. 1. nóvember 2006 í þrjú félög; Síminn hf., Mílu ehf. og Fasteingafélagið Jörfi ehf.:

“Stjórn Símans hf. gerir það að tillögu sinni að félaginu verði skipt í samræmi við seinni skiptingaráætlun, dags. 19. desember 2006, sbr. 133. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995. Við skiptinguna færast fasteignir félagsins ásamt tilteknum skuldum yfir í sérstakt einkahlutafélag. Þá færast fjarskiptanet félagsins, viðskiptavild því tengt ásamt tilteknum skuldum inn í sérstakt einkahlutafélag, sbr. nánar skýringar í skiptingaráætlun. Samþykktir Símans hf. og viðtökufélaga liggja fyrir.

Fyrirhuguð skipting félagsins er miðuð við 1. nóvember 2006. Við skiptinguna færast fasteignir félagsins ásamt tilteknum skuldum yfir í Fasteignafélagið Jörfi

ehf. og fjarskiptanet félagsins, viðskiptavild tengt því ásamt tilteknum skuldum færast í Mílu ehf. Ekkert endurgjald verður greitt fyrir eignir umfram skuldir, sem renna til viðtökufélaganna heldur mun hlutafé Símans hf. skiptast á milli Símans hf., Mílu ehf. og Fasteignafélagsins Jörfa ehf. Hluthafar í Símanum hf. verða hluthafar í Mílu ehf. og Fasteignafélagsins Jörfa ehf. í hlutfalli við hlutfjáreign sína eftir fyrri skiptingu Símans hf. m.v. 31. október 2006, sbr. 7. gr. skiptingaráætlunar. Hlutafé sem rennur yfir í viðtökufélögin nemur kr. 3.500.000.000, en í hlutafé í Símanum hf. verður kr. 7.088.079.720 eftir skiptinguna, en var fyrir kr. 10.588.079.720 eftir fyrri skiptingu félagsins skiptingu m.v. 31. október 2006.

Samþykktir Símans hf., óbreyttar fyrir utan breytinga á hlutafé, munu gilda um hið skipta félag verði tillagan samþykkt. Samþykktir viðtökufélaganna liggja fyrir og munu gilda óbreyttar verði tillagan samþykkt.

Sá fyrirvari er gerður við tillögu þessa að fyrri skipting Símans hf., miðað við 31. október 2006 hafi verið samþykkt.

Stjórn Símans vekur athygli á því að nöfn viðtökufélaga hafa tekið breytingum frá því sem greindi í skiptingaráætlun sökum þess að þau voru ekki skráningarhæf í Fyrirtækjaskrá. Fjarskiptanetið ehf. verður Míla ehf. og Jörfi ehf. verður Fasteignafélagið Jörfi ehf.

Um tillöguna vísast að öðru leyti í skiptingaráætlun, dags. 19. desember 2006.

Lagt er til að aðalfundur Símans hf. haldinn 15. mars 2007 samþykki tillögur stjórnar félagsins um skiptingu þess, svo og fyrirliggjandi samþykktir Símans hf., móðurfélags og viðtökufélaga."

Fyrirliggjandi voru þessi gögn:

1. Áætlun um skiptingu Símans hf. dags. 19. desember 2006
2. Ársreikningur Símans síðustu þrjú ár
3. Greinargerð stjórnar Símans hf., þar á meðal skiptingar efnahags- og rekstrarreikningur og upphafsreikningur, sbr. 2. mgr. 121. gr. hlutfélagalaga
4. Skýrsla matmanna og yfirlýsing skv. 122. gr. hlutfélagalaga
5. Samþykktir Mílu ehf. og Fasteignafélagsins Jörfa ehf.

Við viðtöku hinna skiptu hluta verður breyting á samþykktum félagsins vegna lækkunar á hlutafé félagsins. Lækkar hlutafé félagsins í kr. 7.088.079.720 vegna viðtöku hins skipta hluta.

Forstjóri kynnti fyrirliggjandi tillögur.

Fundarstjóri bar upp tillögu A. Tillaga A um skiptingu hlutanna og breytingu á samþykktum félagsins var samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri bar upp tillögu B. Tillaga B um skiptingu hlutanna og breytingu á samþykktum félagsins var samþykkt samhljóða.

## **8. Tillaga félagsstjórnar um að móðurfélag samstæðunnar verði skráð í kauphöll fyrir árslok 2007.**

Lagt var til að móðurfélagið Skipti hf. yrði skráð í kauphöll fyrir árslok 2007 í samræmi við ákvæði kaupsamnings við íslenska ríkið um kaup á Símanum hf.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

## **9. Tillaga félagsstjórnar um starfskjarastefnu**

Fyrir lá eftirfarandi tillaga um starfskjarastefnu félagsins:

### **„Starfskjarastefna Símans hf.**

#### **1. gr. Markmið**

Markmið starfskjarastefnu þessarar er að gera starf hjá Símanum hf. að eftirsóknarverðum kosti fyrir starfsfólk og þar með tryggja félaginu stöðu í fremstu röð á alþjóðavettvangi. Til að svo megi verða er nauðsynlegt að stjórn félagsins sé kleift að bjóða samkeppnishæf laun og aðrar greiðslur sem tíðkast hjá sambærilegum fyrirtækjum á alþjóðavettvangi.

#### **2. gr. Starfskjör stjórnarmanna**

Stjórnarmönnum skal greidd föst mánaðarleg þóknun í samræmi við ákvörðun aðalfundar ár hvert, svo sem kveðið er á um í 79. gr. laga um hlutafélög. Gerir stjórnin tillögu um þóknunina fyrir komandi starfsár og skal í þeim efnum taka mið af þeim tíma sem stjórnarmenn verja til starfans, þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir, og afkomu félagsins.

Stjórnarmenn skulu fá fasta þóknun fyrir hvern fund sem þeir sitja í undirnefndum stjórnar og skal sú þóknun ákveðin af aðalfundi félagsins.

#### **3. gr. Starfskjör forstjóra**

Gera skal skriflega(n) ráðningarsamning(a) við forstjóra. Kjör hans/þeirra skulu ávallt vera samkeppnishæf á alþjóðamarkaði.

Fjárhæð grunnlauna og annarra greiðslna til forstjóra skal taka mið af menntun, reynslu og fyrri störfum. Tilgreina skal önnur starfskjör í ráðningarsamningnum, svo sem greiðslur í lífeyrissjóð, orlof, hlunnindi og uppsagnarfrest. Heimilt er að semja við forstjóra um upphafsgreiðslu vegna ráðningar hans/þeirra að félaginu.

Við gerð ráðningarsamnings við forstjóra skal haft að leiðarljósi að ekki komi til frekari greiðslna við starfslok en fram koma í ráðningarsamningi. Heimilt er þó við sérstök skilyrði að mati stjórnar að gera sérstakan starfslokasamning við starfslok forstjóra.

#### **4. gr. Umbun til æðstu stjórnenda**

Forstjóra er heimilt að leggja fram tillögu fyrir stjórn félagsins um að umbuna æðstu stjórnendum til viðbótar grunnlaunum í formi afhendingar hluta, árangurstengdra greiðslna, hlutabréfa, kaupréttar, forkaupsréttar og annars konar greiðslna sem tengdar eru hlutabréfum í félaginu eða þróun verðs á hlutabréfum í félaginu, lífeyrissamninga og starfslokasamninga.

Við ákvörðun um hvort veita skuli æðstu stjórnendum umbun til viðbótar grunnlaunum skal taka mið af stöðu, ábyrgð, frammistöðu og framtíðarmöguleikum viðkomandi stjórnanda innan félagsins.

#### **5. gr. Samþykkt starfskjarastefnu og fleira**

Starfskjarastefna félagsins skal tekin til afgreiðslu á aðalfundi og skal hún tekin til endurskoðunar ár hvert og borin undir aðalfund til samþykktar eða synjunar.

Er starfskjarastefnan bindandi fyrir stjórn félagsins að því er varðar ákvæði um kaupréttarsamninga og hvers konar samninga eða greiðslur er fylgja þróun verðs á hlutabréfum í félaginu, sbr. 2. mgr. 79. gr. a. hlutafélagalaga. Að öðru leyti er

starfskjarastefnan leiðbeinandi fyrir félagið og stjórn þess. Stjórn félagsins skal færa til bókar í fundargerðarbók veigamikil frávik frá starfskjarastefnunni og skulu þau frávik studd greinargóðum rökum. Gera skal grein fyrir frávikum á næsta aðalfundi félagsins.

### **Greinargerð með starfskjarastefnu Símans hf.**

Með lögum nr. 89/2006 var m.a. gerð sú breyting á hlutafélagalögum að grein 79 a. var bætt inn í lögin. Greinin leggur þá skyldu á stjórn Símans hf. að leggja starfskjarastefnu fyrir aðalfund félagsins til samþykktar eða synjunar. Skal starfskjarastefnan mæla fyrir um laun og aðrar greiðslur til forstjóra og annarra æðstu stjórnenda félagsins, svo og stjórnarmanna þess. Segir í lögum að í starfskjarastefnu skuli koma fram grundvallaratriði varðandi starfskjör stjórnenda og stjórnarmanna og stefnu félagsins varðandi samninga við stjórnendur og stjórnarmenn. Jafnframt skal koma þar fram hvort og þá við hvaða aðstæður og innan hvaða ramma heimilt sé að greiða eða umbuna stjórnendum og stjórnarmönnum til viðbótar grunnlaunum þeirra og þá meðal annars í formi afhendingar hluta, árangurstengdra greiðslna, hlutabréfa, kaup- og söluréttar, forkaupsréttar og annars konar greiðslna sem tengdar eru hlutabréfum í félaginu eða þróun verðs á þeim, lánsamninga, lífeyrissamninga og starfslokasamninga.

Var umrædd lagabreyting gerð vegna tilmæla Framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins 2004/913/EB frá 14. desember 2004 um að stuðla að viðeigandi fyrirkomulagi að því varðar starfskjör stjórnenda í hlutafélagum sem eru skráð í kauphöll.

Stjórn Símans hf. hefur það að markmiði með tillögu að starfskjarastefnu, sem hér er lögð fyrir aðalfund félagsins, að marka félaginu raunhæfa starfskjarastefnu sem gerir félaginu fært að laða til sín stjórnendur í fremstu röð og tryggja þar með samkeppnishæfni félagsins á alþjóðlegum vettvangi. "

Stjórnarformaður kynnti tillögu um starfskjarastefnu Símans.


Tillagan var samþykkt samhljóða.

### **10. Önnur mál löglega fram borin**


Enginn kvaddi sér hljóðs undir liðnum önnur mál.

Samþykkt tillaga fundarstjóra um að fundarstjóra og fundarritara verði falið að ganga frá fundargerð fundarins.

Lýður Guðmundsson þakkaði fundarstjóra fyrir góða fundarstjórn, fundarmönnum þakkaði hann fyrir komuna á fundinn og bauð þeim að þiggja veitingar að fundi loknum. Að þessu sögðu sleit hann fundinum um kl. 18.00



Sigurbjörn Magnússon, hrl.  
Fundarstjóri



Kristín Guðmundsdóttir  
Fundarritari

**Samþykktir**  
**fyrir Símann hf.**  
**Skipting A**

**1. Nafn félagsins**

- 1.1 Félagið er hlutafélag. [Nafn þess er Síminn hf.]<sup>1</sup>
- 1.2 [Hjáheiti félagsins er Iceland Telecom.]<sup>2</sup>

**2. Heimili félagsins**

- 2.1 [Heimili félagsins er Ármúli 25, 108 Reykjavík.]<sup>3</sup>

**3. Tilgangur félagsins**

- 3.1 [Tilgangur félagsins er að ávaxta fé sem hluthafar hafa bundið í starfseminni með því að veita hvers konar þjónustu á sviði fjarskipta og upplýsingatækni, svo og hvers konar þjónustu á sviði verslunar, iðnaðar, dreifingar, sölu, fjármála og viðskipta, að reka verslun með varning og búnað sem tengist starfsemi félagsins, að hafa á hendi flutningastarfsemi, fasteignarekstur og lánastarfsemi og að reka aðra skylda starfsemi sem nýtt getur þekkingu og búnað fyrirtækisins.]<sup>4</sup>
- 3.2 Heimilt er félaginu að standa að stofnun eða gerast eignaraðili að öðrum félögum, svo og að stofna félag eða félög sem alfarið verði í eigu þess til að annast ákveðna þætti í starfsemi þess.

**4. Hlutfé félagsins**

- 4.1 [Hlutfé félagsins er kr. 10.588.079.720,-Tíumilljarðarfimmhundraðáttatíuog-áttamilljónirsjötiugniúpúsundsjöhundruðogtuttugukrónur -.]<sup>5</sup>
- 4.2 Hlutir skiptast í það margfeldi einnar krónu sem hver einstakur hluthafi á í félaginu á hverjum tíma.
- 4.3 Hluthafafundur getur einn ákveðið að auka hlutféð, hvort heldur er með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta. Ákvörðun verður því aðeins gild að hún hljóti samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutfjár sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum. Hluthafar hafa forgangsrétt til hlutfjárauka að tiltölu við hlutfjáreign sína í félaginu og innan tímamarka sem greind verði í samþykkt um aukningu hlutfjár. Nú neyta eldri hluthafar ekki forkaupsréttar síns að fullu og eiga þá aðrir hluthafar aukinn rétt til áskriftar. Hluthafafundur getur með 2/3 hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutfjár sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum ákveðið að víkja frá forgangi við hækkun hlutfjár, enda sé hluthöfum á engan hátt mismunað.
- 4.4 Greiði hluthafi ekki tilskilið hlutfé á gjalddaga skal hann greiða dráttarvexti af skuldinni frá þeim degi til greiðsludags, auk alls kostnaðar við innheimtu. Jafnframt er heimilt að grípa til annarra þeirra vanefndaúrræða sem lög heimila á hverjum tíma, þ.m.t. að fella niður áskriftina.
- 4.5 Hlutir skulu allir skráðir á nafn. Hlutfé er allt jafn rétthátt.

<sup>1</sup> Sbr. breyting á hluthafafundi 20. desember 2005

<sup>2</sup> Sbr. breyting á hluthafafundi 20. desember 2005

<sup>3</sup> Sbr. breyting á aðalfundi 22. mars 2004

<sup>4</sup> Sbr. breyting á hluthafafundi 20. desember 2005

<sup>5</sup> Sbr. breyting á aðalfundi 15. mars 2007



- 4.6 [Stjórn félagsins er veitt heimild til að hækka hlutafé félagsins um allt að 3.500.000.000 kr. að nafnverði með útgáfu nýrra hluta. Heimild þessa má m.a. nota til að kaupa eða skipta á hlutafé í erlendum eða eftir atvikum innlendum félögum. Hluthafar falla frá forgangsrétti að téðum hlutum. Heimildin gildir í 18 mánuði frá samþykkt hennar á hluthafafundi. Stjórn félagsins annast nánari útfærslu á hækkuninni.]<sup>6</sup>

## **5. Heimild til rafrænnar útgáfu hlutabréfa**

- 5.1 Félagsstjórn er heimilt að gefa út hlutabréf með rafrænum hætti í verðbréfamiðstöð, sbr. lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa eftir því sem við á. Hinir rafrænt skráðu hlutir, rafbréf, koma í stað áður útgefins hlutabréfs.

## **6. Hlutaskrá**

- 6.1 Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá í samræmi við lög.
- 6.2 Útskrift frá verðbréfamiðstöð um eignarhald á hlutum í félaginu telst fullnægjandi grundvöllur að hlutaskrá og veitir hún full réttindi þau er samþykktir félagsins mæla fyrir um.
- 6.3 Hlutaskráin skal geymd á skrifstofu félagsins og eiga allir hluthafar aðgang að henni og mega kynna sér efni hennar.

## **7. Eigendaskipti, veðsetning o.fl.**

- 7.1 Engar hömlur eru lagðar á meðferð hluta í félaginu. Hluti í félaginu má selja og veðsetja nema annað leiði af lögum.
- 7.2 Gagnvart félaginu skal hlutaskráin skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu og skal arður á hverjum tíma, svo og jöfnunarhlutir, fundarboð og tilkynningar allar, sendar til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hlutar í hlutaskrá félagsins. Ber félagið enga ábyrgð á því ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna þess að vanrækt hefur verið að tilkynna um eiganda- eða aðsetursskipti.
- 7.3 Eigendaskipti að hlut, hvort sem verður fyrir sölu, gjöf, erfð, búskipti eða aðför, skal ávallt tilkynna jafnskjótt og þau fara fram og skal þá breyta hlutaskrá til samræmis.
- 7.4 Sá sem eignast hlut í félaginu getur ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutnum.

## **8. Skyldur hluthafa. Sérrettindi.**

- 8.1 Hver hluthafi er skyldur til, án sérstakrar skuldbindingar, að hlíta samþykktum félagsins, eins og þær eru nú, eða eins og þeim kann að vera breytt síðar á löglegan hátt.
- 8.2 Hluthafi ber ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu nema hann taki á sig frekari ábyrgð með sérstökum löggæringi. Á ákvæðum þessarar greinar getur engin breyting orðið.
- 8.3 Engin sérrettindi fylgja neinum hlutum í félaginu.

## **9. Eigin hlutir**

- 9.1 Félaginu er heimilt að kaupa eigin hluti að því marki sem lög leyfa.

## **10. Innlausn. Lán út á hluti.**

---

<sup>6</sup> Sbr. breyting á hluthafafundi 20. desember 2005

- 10.1 Hluthafar eru ekki skyldir að þola innlausn á hlutum sínum nema lög bjóði.
- 10.2 Félaginu er óheimilt að veita lán út á hluti í félaginu.

### **11. Hluthafafundir**

- 11.1 Æðsta vald í málefnum félagsins, innan þeirra marka sem samþykktir þessar og landslög setja, er í höndum lögsmætra hluthafafunda (aðalfunda og aukafunda).
- 11.2 Stjórn félagsins skal boða til hluthafafunda.
- 11.3 Rétt til að sækja hluthafafundi félagsins hafa hluthafar, umboðsmenn þeirra og ráðgjafar, endurskoðandi félagsins og framkvæmdastjóri.
- 11.4 Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd og fara með atkvæði sín. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt, vottfast og dagsett umboð. Umboð skal leggja fram á fundi og gildir aðeins fyrir einn fund, nema annað sé tekið fram í umboðinu.
- 11.5 Hluthafa er heimilt að sækja fund ásamt ráðgjafa. Ráðgjafi hefur ekki málfrelsi, tillögurétt né atkvæðisrétt á hluthafafundum.
- 11.6 Endurskoðandi félagsins og framkvæmdastjóri hafa fullt málfrelsi og tillögurétt á hluthafafundum þótt ekki séu þeir hluthafar.
- 11.7 Stjórn félagsins er heimilt að bjóða sérfræðingum setu á einstökum fundum ef leita þarf álits þeirra eða aðstoðar.
- 11.8 Aðalfundi er heimilt að setja sérstök fundarsköp um hluthafafundi.

### **12. Aðalfundur**

- 12.1 Aðalfund skal halda fyrir lok maí ár hvert. Heimilt er að halda aðalfund annars staðar en á heimili félagsins.
- 12.2 Til aðalfundar skal boða með tilkynningu til hvers hluthafa í ábyrgðarbréfi, með símskeyti, eða á annan sannanlegan hátt, þ.m.t. með auglýsingu í dagblaði. Fundarefni skal getið í fundarboði. Ef taka á til meðferðar tillögu til breytinga á samþykktum félagsins, skal greina meginefni tillögunnar í fundarboði.  
  
Boðun skal þó vera skrifleg til þeirra hluthafa sem þess hafa óskað og skráðir eru í hlutaskrá. Tilkynning skv. 2. mgr. 38. gr. hlutafélagalaga um áskriftarrétt hluthafa skal þó ætíð vera skrifleg.
- 12.3 Aðalfund skal boða með minnst viku en lengst fjögurra vikna fyrirvara.
- 12.4 Aðalfundur er lögsmætur ef löglega er til hans boðað.

### **13. Verkefni aðalfundar**

- 13.1 Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:
  1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins sl. starfsár.
  2. Endurskoðaður reikningur félagsins fyrir liðið starfsár er hafi m.a. að geyma tillögu stjórnar um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
  3. Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins, ef borist hafa.
  4. Ákvörðun um greiðslu arðs.
  5. Kosning stjórnar félagsins..
  6. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu.
  7. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna félagsins fyrir störf þeirra.
  8. Önnur mál.

- 13.2 Ef hluthafar sem ráða minnst 1/3 hlutafjárins krefjast þess skriflega á aðalfundi, skal fresta ákvörðun um lið 2 í gr. 13.1 til framhaldsaðalfundar, sem haldinn skal í fyrsta lagi einum mánuði og síðasta lagi tveimur mánuðum síðar. Frekari frests er ekki unnt að krefjast.

#### **14. Aukafundir**

- 14.1 Aukafundi (hluthafafundi) skal halda þegar stjórn félagsins þykir þörf á samkvæmt fundarályktun, eða ef kjörinn endurskoðandi eða hluthafar sem ráða yfir minnst 1/10 hlutum hlutafjárins krefjast þess skriflega og greina fundarefni, enda skal þá boða til aukafundar innan 14 daga frá því að krafan berst stjórn.
- 14.2 Til hluthafafunda skal boða með minnst viku fyrirvara og lengst fjögurra vikna fyrirvara. Séu allir hluthafar mættir, eða umboðsmenn þeirra, geta þeir gefið undanþágu frá þessu ákvæði. Boða skal hluthafafundi með sama hætti og boðað er til aðalfundar, sbr. gr. 12.2. Um lögmati hluthafafunda skulu gilda sömu reglur og um lögmati aðalfundar, sbr. gr. 12.2 - 12-4.

#### **15. Dagskrá hluthafafundar. Dagskrártillögur.**

- 15.1 Í fundarboði skal greina málefni þau sem taka á til meðferðar á hluthafafundi. Viku fyrir hluthafafund hið skemmsta skal dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur og skýrsla endurskoðanda, sé um aðalfund að ræða, lögð fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins.
- 15.2 Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi ef hann gerir skriflega kröfu um það til félagsstjórnar með það löngum fyrirvara að unnt sé samkvæmt samþykktum þessum að taka málið á dagskrá fundarins.
- 15.3 Mál sem ekki hafa verið greind á dagskrá er ekki unnt að taka til úrlausnar á hluthafafundi nema með samþykki allra hluthafa félagsins, en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn. Þótt máls hafi ekki verið getið á dagskrá kemur það ekki í veg fyrir að ákveðið sé að boða til aukafundar til að fjalla um málið auk þess sem aðalfundur getur ávallt afgreitt mál sem skylt er að taka til meðferðar samkvæmt lögum eða félagssamþykktum.
- 15.4 Löglega frambornar viðauka- og breytingatillögur má bera upp á fundinum sjálfum enda þótt þær hafi ekki legið frammi hluthöfum til sýnis.

#### **16. Fundarstjórn**

- 16.1 Formaður stjórnar félagsins eða kjörinn fundarstjóri stjórnar hluthafafundum og kjöri fundarritara. Á hluthafafundum gilda almenn fundarsköp. Fundarstjóri athugar í upphafi fundarins hvort löglega hafi verið til hans boðað svo og hvort fundur sé lögmatgur að öðru leyti og lýsir yfir hvort svo sé. Hann stýrir öllum umræðum og atkvæðagreiðslum. Fundarstjóri skal gæta ákvæða hlutafélagalaga og samþykktu félagsins um atkvæðisrétt og atkvæðagreiðslur.
- 16.2 Þegar fundur hefur verið settur skal gerð skrá yfir hluthafa og umboðsmenn hluthafa, sem fund sækja til þess að ljóst sé hversu mörgum hlutum og atkvæðum hver þeirra ræður yfir. Skrá þessi skal notuð þar til hluthafafundur kann að breyta henni.

#### **17. Fundargerð**

- 17.1 Fundarritari heldur fundargerðabók. Í fundargerðabók skal skrá ákvarðanir hluthafafundar ásamt úrslitum atkvæðagreiðslna. Skrá yfir viðstadda hluthafa og umboðsmenn þeirra skal færð í fundargerðabók eða fylgja henni. Fundargerð skal lesa upphátt fyrir fundarlok og skrá þar athugasemdir ef fram koma. Fundarstjóri og fundarritari skulu undirrita fundargerðabók.
- 17.2 Í síðasta lagi fjórtán dögum eftir hluthafafund skulu hluthafar eiga aðgang að fundargerðabók eða staðfestu endurriti fundargerða á skrifstofu félagsins. Fundargerðabók skal varðveitt með tryggilegum hætti.
- 17.3 Skráðar fundargerðir skulu vera full sönnun þess sem gerst hefur á fundum.

## 18. Atkvæðisréttur

- 18.1 Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverjum hlut í félaginu. Eigin hlutir félagsins njóta ekki atkvæðisréttar.
- 18.2 Á hluthafafundum ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé fyrir mælt í samþykktum þessum eða landslögum. Ef tillaga fær jafn mörg atkvæði með og á móti, er hún fallin. Ef tveir menn eða fleiri fá jafnmörg atkvæði í kosningu, skal hlutkesti ráða.
- 18.3 Samþykki allra hluthafa þarf til þess:
- a) að skylda hluthafa til að leggja fram fé og annað í félagsþarfir fram yfir skuldbindingar sínar.
  - b) að skylda hluthafa til að þola lausn hluta sinna að einhverju leyti eða öllu umfram það sem mælt er fyrir í landslögum eða í gr. 10 samþykktu þessara, nema að félaginu sé slitið eða hlutaféð löglega fært niður.
  - c) að takmarka heimild manna til meðferðar á hlutum sínum.

## 19. Skipun félagsstjórnar

- 19.1 [Stjórn félagsins skal skipuð allt að sjö mönnum kjörnum á hluthafafundi til eins árs í senn. Um hæfi stjórnarmanna fer að lögum. Stjórnarkjör skal jafnan vera skriflegt ef tillögur koma fram um fleiri menn en kjósa skal.]<sup>7</sup>
- 19.2 Kosning stjórnar skal framkvæmd sem meirihlutakosning milli einstaklinga. Ef hluthafar sem ráða yfir minnst 1/10 hluta hlutafjár krefjast þess skal beita hlutfallskosningu eða margfeldiskosningu við kjör stjórnarmanna félagsins. Krafa um þetta skal hafa borist stjórn félagsins minnst 5 dögum fyrir hluthafafund. Nú koma kröfur frá fleiri en einum hluthafahóp og krafist er bæði hlutfalls- og margfeldiskosningar og skal þá beita margfeldiskosningu.
- 19.3 Stjórnin kýs sér formann úr sínum hópi og skiptir að öðru leyti með sér verkum eftir því sem þurfa þykir.

## 20. Stjórnarfundir

- 20.1 Formaður kveður stjórnina til funda og stýrir þeim. Fundi skal halda hvenær sem hann telur þess þörf. Formanni er auk þess skylt að boða stjórnarfund að kröfu eins stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra. Stjórnarfundir skulu boðaðir með minnst sólarhrings fyrirvara. Stjórnarfundir eru ályktunarbærir ef meirihluti stjórnarmanna er mættur eða varamenn þeirra. Til að ákvörðun stjórnarfundar teljist gild þarf hún stuðning meirihluta stjórnarmanna.
- 20.2 Stjórnin skal halda gerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum og staðfesta hana með undirskrift sinni.

## 21. Verkefni félagsstjórnar

- 21.1 Stjórn félagsins hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda. Hún fer með málefni félagsins og skal sjá um að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórnin skal sjá til þess að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins.
- 21.2 Stjórn félagsins ræður félaginu framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans.
- 21.3 Einungis félagsstjórn getur veitt prókúruumboð fyrir félagið.
- 21.4 Undirskrift [meirihluta]<sup>8</sup> stjórnarmanna skuldbindur félagið.

<sup>7</sup> Sbr. breyting á aðalfundi 22. mars 2006

<sup>8</sup> Sbr. breyting á aðalfundi 26. mars 2003

- 21.5 Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.
- 21.6 Að öðru leyti fer um ábyrgð, vald og störf stjórnar samkvæmt lögum.

## **22. Framkvæmdastjóri**

- 22.1 Framkvæmdastjóri og félagsstjórn fara saman með stjórn félagsins.
- 22.2 Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem félagsstjórn hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá félagsstjórn, nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana félagsstjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi félagsins. Í slíkum tilvikum skal félagsstjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.

- 22.3 Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald og fjárreiður séu í samræmi við lög og góðar venjur og að meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.
- 22.4 Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn félagsins, en leita skal samþykkis stjórnar við ráðningu helstu starfsmanna. Hann segir og upp starfsmönnum ef þurfa þykir og fjallar um launamál þeirra.
- 22.5 Framkvæmdastjóri skal uppfylla allar þær hæfniskröfur sem lög gera ráð fyrir á hverjum tíma.

### **23. Reikningar og endurskoðun**

- 23.1 Á aðalfundi skal kjósa félaginu löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag til eins árs í senn. Skal hann rannsaka reikninga félagsins og öll reikningsgögn fyrir hvert starfsár og skal hafa aðgang að öllum bókum félagsins og skjölum í þeim tilgangi.
- 23.2 Endurskoðanda má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna félagsins eða starfsmanna, eða vera í persónulegri þjónustu þeirra. Um hæfi og hlutgengi við kosningu endurskoðanda fer að öðru leyti að lögum.

### **24. Starfs- og reikningsár**

- 24.1 Starfsár félagsins og reikningsár er almanaksárið. Stjórn félagsins semur á hverju ári ársreikning og ársskýrslu. Ársreikningur og ársskýrsla mynda eina heild.
- 24.2 Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju að því er varðar mat á hinum ýmsu liðum, svo sem uppsetningu, sundurliðun, skýringum og heiti liða.

### **25. Nánar um endurskoðun**

- 25.1 Endurskoðandi skal gera endurskoðunarskýrslu sem leggja skal fyrir aðalfund í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga. Skýrslan skal vera komin í hendur stjórnar í síðasta lagi tveimur vikum fyrir aðalfund og skal ársreikningurinn og skýrslan liggja frammi a.m.k. í vikutíma fyrir aðalfund, hluthöfum til sýnis.

### **26. Breytingar á samþykktum félagsins. Ákvarðanir um verulegar breytingar í rekstri.**

- 26.1 Samþykktum þessum má breyta á lögmætum aðalfundi eða aukafundi, enda hljóti breytingin samþykki minnst [2/3 hluta]<sup>9</sup> greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir a.m.k. [2/3 hlutum]<sup>10</sup> þess hlutfjár sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, [sbr. þó gr.18.3.]<sup>11</sup>
- 26.2 Ef taka á til meðferðar á hluthafafundi tillögur til breytinga á samþykktum félagsins skal greina meginefni tillögunnar í fundarboði.

### **27. Slit á félaginu. Samruni. Skipting.**

- 27.1 Um slit á félaginu, samruna við önnur félög eða skiptingu þess skal fara samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga og annarra laga eftir því sem við á. Ákvörðun um slíkt þarf að samþykkja á hluthafafundi með sama meirihluta og skv. gr. 26.1.

### **28. Önnur ákvæði**

<sup>9</sup> Sbr. breyting á aðalfundi 23. febrúar 2005

<sup>10</sup> Sbr. breyting á aðalfundi 23. febrúar 2005

<sup>11</sup> Sbr. breyting á aðalfundi 23. febrúar 2005

- 28.1 Þar sem ákvæði samþykktá þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið, skal fara samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.
- 28.2 Þannig samþykkt á aðalfundi félagsins 15. mars 2007.

**Reykjavík, 15. mars 2007.**

**Stjórn Símans hf.**





**Samþykktir**  
**fyrir Símann hf.**  
**Skipting B**

**1. Nafn félagsins**

- 1.1 Félagið er hlutafélag. [Nafn þess er Síminn hf.]<sup>1</sup>
- 1.2 [Hjáheiti félagsins er Iceland Telecom.]<sup>2</sup>

**2. Heimili félagsins**

- 2.1 [Heimili félagsins er Ármúli 25, 108 Reykjavík.]<sup>3</sup>

**3. Tilgangur félagsins**

- 3.1 [Tilgangur félagsins er að ávaxta fé sem hluthafar hafa bundið í starfseminni með því að veita hvers konar þjónustu á sviði fjarskipta og upplýsingatækni, svo og hvers konar þjónustu á sviði verslunar, iðnaðar, dreifingar, sölu, fjármála og viðskipta, að reka verslun með varning og búnað sem tengist starfsemi félagsins, að hafa á hendi flutningastarfsemi, fasteignarekstur og lánastarfsemi og að reka aðra skylda starfsemi sem nýtt getur þekkingu og búnað fyrirtækisins.]<sup>4</sup>
- 3.2 Heimilt er félaginu að standa að stofnun eða gerast eignaraðili að öðrum félögum, svo og að stofna félag eða félög sem alfarið verði í eigu þess til að annast ákveðna þætti í starfsemi þess.

**4. Hlutafé félagsins**

- 4.1 [Hlutafé félagsins er kr. 7.088.079.720,-Sjömílljarðarátta tíuogáttamílljónir-sjö tíu og níu þúsund sjö hundruð og tuttugukrónur -.]<sup>5</sup>
- 4.2 Hlutir skiptast í það margfeldi einnar krónu sem hver einstakur hluthafi á í félaginu á hverjum tíma.
- 4.3 Hluthafafundur getur einn ákveðið að auka hlutaféð, hvort heldur er með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta. Ákvörðun verður því aðeins gild að hún hljóti samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum. Hluthafar hafa forgangsrétt til hlutafjárauka að tiltölu við hlutafjáreign sína í félaginu og innan tímamarka sem greind verði í samþykkt um aukningu hlutafjár. Nú neyta eldri hluthafar ekki forkaupsréttar síns að fullu og eiga þá aðrir hluthafar aukinn rétt til áskriftar. Hluthafafundur getur með 2/3 hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum ákveðið að víkja frá forgangi við hækkun hlutafjár, enda sé hluthöfum á engan hátt mismunað.
- 4.4 Greiði hluthafi ekki tilskilið hlutafé á gjalddaga skal hann greiða dráttarvexti af skuldinni frá þeim degi til greiðsludags, auk alls kostnaðar við innheimtu. Jafnframt er heimilt að grípa til annarra þeirra vanefndaúrræða sem lög heimila á hverjum tíma, þ.m.t. að fella niður áskriftina.
- 4.5 Hlutir skulu allir skráðir á nafn. Hlutafé er allt jafn rétthátt.

<sup>1</sup> Sbr. breyting á hluthafafundi 20. desember 2005

<sup>2</sup> Sbr. breyting á hluthafafundi 20. desember 2005

<sup>3</sup> Sbr. breyting á aðalfundi 22. mars 2004

<sup>4</sup> Sbr. breyting á hluthafafundi 20. desember 2005

<sup>5</sup> Sbr. breyting á aðalfundi 15. mars 2007

- 4.6 [Stjórn félagsins er veitt heimild til að hækka hlutfé félagsins um allt að 3.500.000.000 kr. að nafnverði með útgáfu nýrra hluta. Heimild þessa má m.a. nota til að kaupa eða skipta á hlutfé í erlendum eða eftir atvikum innlendum félögum. Hluthafar falla frá forgangsrétti að téðum hlutum. Heimildin gildir í 18 mánuði frá samþykkt hennar á hluthafafundi. Stjórn félagsins annast nánari útfærslu á hækkuninni.]<sup>6</sup>

## **5. Heimild til rafrænnar útgáfu hlutabréfa**

- 5.1 Félagsstjórn er heimilt að gefa út hlutabréf með rafrænum hætti í verðbréfamiðstöð, sbr. lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa eftir því sem við á. Hinir rafrænt skráðu hlutir, rafbréf, koma í stað áður útgefins hlutabréfs.

## **6. Hlutaskrá**

- 6.1 Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá í samræmi við lög.
- 6.2 Útskrift frá verðbréfamiðstöð um eignarhald á hlutum í félaginu telst fullnægjandi grundvöllur að hlutaskrá og veitir hún full réttindi þau er samþykktir félagsins mæla fyrir um.
- 6.3 Hlutaskráin skal geymd á skrifstofu félagsins og eiga allir hluthafar aðgang að henni og mega kynna sér efni hennar.

## **7. Eigendaskipti, veðsetning o.fl.**

- 7.1 Engar hömlur eru lagðar á meðferð hluta í félaginu. Hluti í félaginu má selja og veðsetja nema annað leiði af lögum.
- 7.2 Gagnvart félaginu skal hlutaskráin skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu og skal arður á hverjum tíma, svo og jöfnunarhlutir, fundarboð og tilkynningar allar, sendar til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hlutar í hlutaskrá félagsins. Ber félagið enga ábyrgð á því ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna þess að vanrækt hefur verið að tilkynna um eiganda- eða aðsetursskipti.
- 7.3 Eigendaskipti að hlut, hvort sem verður fyrir sölu, gjöf, erfð, búskipti eða aðför, skal ávallt tilkynna jafnskjótt og þau fara fram og skal þá breyta hlutaskrá til samræmis.
- 7.4 Sá sem eignast hlut í félaginu getur ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutnum.

## **8. Skyldur hluthafa. Sérréttindi.**

- 8.1 Hver hluthafi er skyldur til, án sérstakrar skuldbindingar, að hlíta samþykktum félagsins, eins og þær eru nú, eða eins og þeim kann að vera breytt síðar á löglegan hátt.
- 8.2 Hluthafi ber ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu nema hann taki á sig frekari ábyrgð með sérstökum löggerningi. Á ákvæðum þessarar greinar getur engin breyting orðið.
- 8.3 Engin sérréttindi fylgja neinum hlutum í félaginu.

## **9. Eigin hlutir**

- 9.1 Félaginu er heimilt að kaupa eigin hluti að því marki sem lög leyfa.

## **10. Innlausn. Lán út á hluti.**

---

<sup>6</sup> Sbr. breyting á hluthafafundi 20. desember 2005

- 10.1 Hluthafar eru ekki skyldir að þola innlausn á hlutum sínum nema lög bjóði.
- 10.2 Félaginu er óheimilt að veita lán út á hluti í félaginu.

### **11. Hluthafafundir**

- 11.1 Æðsta vald í málefnum félagsins, innan þeirra marka sem samþykktir þessar og landslög setja, er í höndum lögmætra hluthafafunda (aðalfunda og aukafunda).
- 11.2 Stjórn félagsins skal boða til hluthafafunda.
- 11.3 Rétt til að sækja hluthafafundi félagsins hafa hluthafar, umboðsmenn þeirra og ráðgjafar, endurskoðandi félagsins og framkvæmdastjóri.
- 11.4 Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd og fara með atkvæði sín. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt, vottfast og dagsett umboð. Umboð skal leggja fram á fundi og gildir aðeins fyrir einn fund, nema annað sé tekið fram í umboðinu.
- 11.5 Hluthafa er heimilt að sækja fund ásamt ráðgjafa. Ráðgjafi hefur ekki málfrelsi, tillögurétt né atkvæðisrétt á hluthafafundum.
- 11.6 Endurskoðandi félagsins og framkvæmdastjóri hafa fullt málfrelsi og tillögurétt á hluthafafundum þótt ekki séu þeir hluthafar.
- 11.7 Stjórn félagsins er heimilt að bjóða sérfræðingum setu á einstökum fundum ef leita þarf álits þeirra eða aðstoðar.
- 11.8 Aðalfundi er heimilt að setja sérstök fundarsköp um hluthafafundi.

### **12. Aðalfundur**

- 12.1 Aðalfund skal halda fyrir lok maí ár hvert. Heimilt er að halda aðalfund annars staðar en á heimili félagsins.
- 12.2 Til aðalfundar skal boða með tilkynningu til hvers hluthafa í ábyrgðarbréfi, með símskeyti, eða á annan sannanlegan hátt, þ.m.t. með auglýsingu í dagblaði. Fundarefnis skal getið í fundarboði. Ef taka á til meðferðar tillögu til breytinga á samþykktum félagsins, skal greina meginefni tillögunnar í fundarboði.

Boðun skal þó vera skrifleg til þeirra hluthafa sem þess hafa óskað og skráðir eru í hlutaskrá. Tilkynning skv. 2. mgr. 38. gr. hlutafélagalaga um áskriftarrétt hluthafa skal þó ætíð vera skrifleg.

- 12.3 Aðalfund skal boða með minnst viku en lengst fjögurra vikna fyrirvara.
- 12.4 Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

### **13. Verkefni aðalfundar**

- 13.1 Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:
  1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins sl. starfsár.
  2. Endurskoðaður reikningur félagsins fyrir liðið starfsár er hafi m.a. að geyma tillögu stjórnar um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
  3. Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins, ef borist hafa.
  4. Ákvörðun um greiðslu arðs.
  5. Kosning stjórnar félagsins..
  6. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu.
  7. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna félagsins fyrir störf þeirra.
  8. Önnur mál.

- 13.2 Ef hluthafar sem ráða minnst 1/3 hlutfjárins krefjast þess skriflega á aðalfundi, skal fresta ákvörðun um lið 2 í gr. 13.1 til framhaldsaðalfundar, sem haldinn skal í fyrsta lagi einum mánuði og síðasta lagi tveimur mánuðum síðar. Frekari frests er ekki unnt að krefjast.

#### **14. Aukafundir**

- 14.1 Aukafundi (hluthafafundi) skal halda þegar stjórn félagsins þykir þörf á samkvæmt fundarályktun, eða ef kjörinn endurskoðandi eða hluthafar sem ráða yfir minnst 1/10 hlutum hlutafjárins krefjast þess skriflega og greina fundarefni, enda skal þá boða til aukafundar innan 14 daga frá því að krafan berst stjórn.
- 14.2 Til hluthafafunda skal boða með minnst viku fyrirvara og lengst fjögurra vikna fyrirvara. Séu allir hluthafar mættir, eða umboðsmenn þeirra, geta þeir gefið undanþágu frá þessu ákvæði. Boða skal hluthafafundi með sama hætti og boðið er til aðalfundar, sbr. gr. 12.2. Um lögmati hluthafafunda skulu gilda sömu reglur og um lögmati aðalfundar, sbr. gr. 12.2 - 12-4.

#### **15. Dagskrá hluthafafundar. Dagskrártillögur.**

- 15.1 Í fundarboði skal greina málefni þau sem taka á til meðferðar á hluthafafundi. Viku fyrir hluthafafund hið skemmsta skal dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur og skýrsla endurskoðanda, sé um aðalfund að ræða, lögð fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins.
- 15.2 Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi ef hann gerir skriflega kröfu um það til félagsstjórnar með það löngum fyrirvara að unnt sé samkvæmt samþykktum þessum að taka málið á dagskrá fundarins.
- 15.3 Mál sem ekki hafa verið greind á dagskrá er ekki unnt að taka til úrlausnar á hluthafafundi nema með samþykki allra hluthafa félagsins, en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn. Þótt máls hafi ekki verið getið á dagskrá kemur það ekki í veg fyrir að ákveðið sé að boða til aukafundar til að fjalla um málið auk þess sem aðalfundur getur ávallt afgreitt mál sem skylt er að taka til meðferðar samkvæmt lögum eða félagssamþykktum.
- 15.4 Löglega frambornar viðauka- og breytingatillögur má bera upp á fundinum sjálfum enda þótt þær hafi ekki legið frammi hluthöfum til sýnis.

#### **16. Fundarstjórn**

- 16.1 Formaður stjórnar félagsins eða kjörinn fundarstjóri stjórnar hluthafafundum og kjöri fundarritara. Á hluthafafundum gilda almenn fundarsköp. Fundarstjóri athugar í upphafi fundarins hvort löglega hafi verið til hans boðið svo og hvort fundur sé lögmatgur að öðru leyti og lýsir yfir hvort svo sé. Hann stýrir öllum umræðum og atkvæðagreiðslum. Fundarstjóri skal gæta ákvæða hlutafélagalaga og samþykktu félagsins um atkvæðisrétt og atkvæðagreiðslur.
- 16.2 Þegar fundur hefur verið settur skal gerð skrá yfir hluthafa og umboðsmenn hluthafa, sem fund sækja til þess að ljóst sé hversu mörgum hlutum og atkvæðum hver þeirra ræður yfir. Skrá þessi skal notuð þar til hluthafafundur kann að breyta henni.

#### **17. Fundargerð**

- 17.1 Fundarritari heldur fundargerðabók. Í fundargerðabók skal skrá ákvarðanir hluthafafundar ásamt úrslitum atkvæðagreiðslna. Skrá yfir viðstadda hluthafa og umboðsmenn þeirra skal færð í fundargerðabók eða fylgja henni. Fundargerð skal lesa upphátt fyrir fundarlok og skrá þar athugasemdir ef fram koma. Fundarstjóri og fundarritari skulu undirrita fundargerðabók.
- 17.2 Í síðasta lagi fjórtán dögum eftir hluthafafund skulu hluthafar eiga aðgang að fundargerðabók eða staðfestu endurriti fundargerða á skrifstofu félagsins. Fundargerðabók skal varðveitt með tryggilegum hætti.
- 17.3 Skráðar fundargerðir skulu vera full sönnun þess sem gerst hefur á fundum.

## 18. Atkvæðisréttur

- 18.1 Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverjum hlut í félaginu. Eigin hlutir félagsins njóta ekki atkvæðisréttar.
- 18.2 Á hluthafafundum ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé fyrir mælt í samþykktum þessum eða landslögum. Ef tillaga fær jafn mörg atkvæði með og á móti, er hún fallin. Ef tveir menn eða fleiri fá jafnmörg atkvæði í kosningu, skal hlutkesti ráða.
- 18.3 Samþykki allra hluthafa þarf til þess:
- a) að skylda hluthafa til að leggja fram fé og annað í félagsþarfir fram yfir skuldbindingar sínar.
  - b) að skylda hluthafa til að þola lausn hluta sinna að einhverju leyti eða öllu umfram það sem mælt er fyrir í landslögum eða í gr. 10 samþykktu þessara, nema að félaginu sé slitið eða hlutaféð löglega fært niður.
  - c) að takmarka heimild manna til meðferðar á hlutum sínum.

## 19. Skipun félagsstjórnar

- 19.1 [Stjórn félagsins skal skipuð allt að sjö mönnum kjörnum á hluthafafundi til eins árs í senn. Um hæfi stjórnarmanna fer að lögum. Stjórnarkjör skal jafnan vera skriflegt ef tillögur koma fram um fleiri menn en kjósa skal.]<sup>7</sup>
- 19.2 Kosning stjórnar skal framkvæmd sem meirihlutakosning milli einstaklinga. Ef hluthafar sem ráða yfir minnst 1/10 hluta hlutafjár krefjast þess skal beita hlutfallskosningu eða margfeldiskosningu við kjör stjórnarmanna félagsins. Krafa um þetta skal hafa borist stjórn félagsins minnst 5 dögum fyrir hluthafafund. Nú koma kröfur frá fleiri en einum hluthafahóp og krafist er bæði hlutfalls- og margfeldiskosningar og skal þá beita margfeldiskosningu.
- 19.3 Stjórnin kýs sér formann úr sínum hópi og skiptir að öðru leyti með sér verkum eftir því sem þurfa þykir.

## 20. Stjórnarfundir

- 20.1 Formaður kveður stjórnina til funda og stýrir þeim. Fundi skal halda hvenær sem hann telur þess þörf. Formanni er auk þess skylt að boða stjórnarfund að kröfu eins stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra. Stjórnarfundir skulu boðaðir með minnst sólarhrings fyrirvara. Stjórnarfundir eru ályktunarbærir ef meirihluti stjórnarmanna er mættur eða varamenn þeirra. Til að ákvörðun stjórnarfundar teljist gild þarf hún stuðning meirihluta stjórnarmanna.
- 20.2 Stjórnin skal halda gerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum og staðfesta hana með undirskrift sinni.

## 21. Verkefni félagsstjórnar

- 21.1 Stjórn félagsins hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda. Hún fer með málefni félagsins og skal sjá um að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórnin skal sjá til þess að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins.
- 21.2 Stjórn félagsins ræður félaginu framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans.
- 21.3 Einungis félagsstjórn getur veitt prókúruumboð fyrir félagið.
- 21.4 Undirskrift [meirihluta]<sup>8</sup> stjórnarmanna skuldbindur félagið.

<sup>7</sup> Sbr. breyting á aðalfundi 22. mars 2006

<sup>8</sup> Sbr. breyting á aðalfundi 26. mars 2003

21.5 Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

21.6 Að öðru leyti fer um ábyrgð, vald og störf stjórnar samkvæmt lögum.

## **22. Framkvæmdastjóri**

22.1 Framkvæmdastjóri og félagsstjórn fara saman með stjórn félagsins.

22.2 Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem félagsstjórn hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá félagsstjórn, nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana félagsstjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi félagsins. Í slíkum tilvikum skal félagsstjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.

- 22.3 Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald og fjárreiður séu í samræmi við lög og góðar venjur og að meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.
- 22.4 Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn félagsins, en leita skal samþykkis stjórnar við ráðningu helstu starfsmanna. Hann segir og upp starfsmönnum ef þurfa þykir og fjallar um launamál þeirra.
- 22.5 Framkvæmdastjóri skal uppfylla allar þær hæfniskröfur sem lög gera ráð fyrir á hverjum tíma.

### **23. Reikningar og endurskoðun**

- 23.1 Á aðalfundi skal kjósa félaginu löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag til eins árs í senn. Skal hann rannsaka reikninga félagsins og öll reikningsgögn fyrir hvert starfsár og skal hafa aðgang að öllum bóköm félagsins og skjölum í þeim tilgangi.
- 23.2 Endurskoðanda má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna félagsins eða starfsmanna, eða vera í persónulegri þjónustu þeirra. Um hæfi og hlutgengi við kosningu endurskoðanda fer að öðru leyti að lögum.

### **24. Starfs- og reikningsár**

- 24.1 Starfsár félagsins og reikningsár er almanaksárið. Stjórn félagsins semur á hverju ári ársreikning og ársskýrslu. Ársreikningur og ársskýrsla mynda eina heild.
- 24.2 Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju að því er varðar mat á hinum ýmsu liðum, svo sem uppsetningu, sundurliðun, skýringum og heiti liða.

### **25. Nánar um endurskoðun**

- 25.1 Endurskoðandi skal gera endurskoðunarskýrslu sem leggja skal fyrir aðalfund í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga. Skýrslan skal vera komin í hendur stjórnar í síðasta lagi tveimur vikum fyrir aðalfund og skal ársreikningurinn og skýrslan liggja frammi a.m.k. í vikutíma fyrir aðalfund, hluthöfum til sýnis.

### **26. Breytingar á samþykktum félagsins. Ákvarðanir um verulegar breytingar í rekstri.**

- 26.1 Samþykktum þessum má breyta á lögmætum aðalfundi eða aukafundi, enda hljóti breytingin samþykki minnst [2/3 hluta]<sup>9</sup> greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir a.m.k. [2/3 hlutum]<sup>10</sup> þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, [sbr. þó gr.18.3.]<sup>11</sup>
- 26.2 Ef taka á til meðferðar á hluthafafundi tillögur til breytinga á samþykktum félagsins skal greina meginefni tillögunnar í fundarboði.

### **27. Slit á félaginu. Samruni. Skipting.**

- 27.1 Um slit á félaginu, samruna við önnur félög eða skiptingu þess skal fara samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga og annarra laga eftir því sem við á. Ákvörðun um slíkt þarf að samþykkja á hluthafafundi með sama meirihluta og skv. gr. 26.1.

### **28. Önnur ákvæði**

<sup>9</sup> Sbr. breyting á aðalfundi 23. febrúar 2005

<sup>10</sup> Sbr. breyting á aðalfundi 23. febrúar 2005

<sup>11</sup> Sbr. breyting á aðalfundi 23. febrúar 2005



- 28.1 Þar sem ákvæði samþykkt þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið, skal fara samkvæmt ákvæðum hlutfélagalaga, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.
- 28.2 Þannig samþykkt á aðalfundi félagsins 15. mars 2007.

**Reykjavík, 15. mars 2007.**

**Stjórn Símans hf.**

